

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II . HLUTI

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Greining ársreikninga.....

Prófdagur: 30. janúar 2010..... Kl.: 09:00 - 13:00

Úrlausnartími: 4... klst. Prófblið: 9... (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Vasareiknivél af einfaldri gerð Fylgiblið: Kennitölublað

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar, notaðu öll leyfileg hjálpargögn og farðu vandlega yfir úrlausnir þínar áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvísvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er hér átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs, í Reykjavík.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ALLAR LAUSAR PRÓFARKIR SKULU TRYGGILEGA AUÐKENNDAR MEÐ PRÓFNÚMERI ÞÍNU.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Verkefni 1 (67 mín. 28%) - Krossaspurningar

Merkið við eitt rétt svar með því að draga hring utan um viðkomandi bókstaf. Nota skal 360 daga á ári þar sem það á við. Gefið er fyrir rétt svar. Ekki er dregið frá fyrir rangt svar.

1. (2%) Brot ehf. var stofnað þann 1. janúar 2008 með 500.000 kr. hlutafé. Árið 2008 var tap af rekstri félagsins kr. 200.000 og þann 1. desember 2008 var hlutafé aukið um kr. 500.000. Hagnaður ársins 2009 var kr. 300.000 og þann 1. maí 2009 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 100.000. Hvert er eigið fé félagsins þann 31. desember 2008?

- a) 1.000.000
- b) 1.200.000
- c) 700.000
- d) 1.400.000
- e) Ekkert af ofangreindu

2. (2%) Hvaða kennitala lýsir best hæfi fyrirtækis til að mæta mótbyr í rekstri, þ.e.a.s. taprekstri.

- a) Veltufjárlutfall
- b) EBITDA hagnaður fyrir afskriftir
- c) Arðsemi eigin fjár
- d) Eiginfjárlutfall

3. (2%) Hver eftirfarandi fullyrðinga er **röng** ? Dæmi um lið innan eigin fjár er :

- a) Hlutafé
- b) Lögbundinn varasjóður
- c) Þýðingarmunur
- d) Óráðstafað eigið fé
- e) Ekkert af ofangreindu

4. (2%) Í ársbyrjun námu eignir Svönu ehf. kr. 989.898 og eigið fé var neikvætt um kr. 798.989. Á árinu hækkuðu eignir um kr. 602.323 og skuldir lækkuðu um kr. 201.545. Hvert var eigið fé Svönu ehf. í árslok :

- a) 803.868
- b) 4.879
- c) 1.592.221
- d) 398.211
- e) ekkert af ofangreindu

5. (2%) Viðskiptakröfur skv. efnahagsreikningi nema kr. 7.990.000. Óbein afskrift krafna nemur kr. 980.000. Nafnverð krafna nemur því kr. :

- a) 7.010.000
- b) 8.970.000
- c) 7.990.000
- d) Ekkert af ofangreindu

6. (2%) Í Tralla ehf. eru 3 hluthafar, Trölly ehf., Trítill ehf. og Trolli ehf. og er hlutafé í félaginu kr. 50.000.000. Trölly ehf. á kr. 20.000.000 í Tralla ehf., Trítill á kr. 15.000.000 í Tralla ehf. og Trolli ehf. á kr. 15.000.000 í Tralla ehf. Trölly ehf. á svo 11% hlutafjár í Trítli ehf. Trölly ehf. ætti því að flokka hlutabréf sín í Tralla ehf. sem :

- a) Hlutabréf í öðrum félögum
- b) Dótturfélag
- c) Hlutdeildarfélag
- d) Markaðsverðbréf

7. (2%) Biðtími birgða hjá Hatti ehf. var 45 dagar á árinu 2009. Meðalstaða birgða var kr. 3.500.000. Kostnaðarverð seldra vara á árinu 2009 var því kr. :

- a) 157.500.000
- b) 14.000.000
- c) 28.000.000
- d) 77.778
- e) Ekkert af ofangreindu

8. (2%) Sú hámarksfjárhæð sem hægt er að greiða út arð í hlutafélagi er :

- a) Óráðstafað eigið fé í upphafi þess árs sem arður er greiddur
- b) Hagnaður ársins
- c) Sú fjárhæð sem eigandinn skuldar félaginu
- d) Eigið fé
- e) Ekkert af ofangreindu

9. (2%) Hver eftirfarandi fullyrða er **rétt** :

- a) Rekstrarreikningur er skv. greiðslugrunni og sjóðstreymi skv. rekstrargrunni
- b) Rekstrarreikningur er skv. rekstrargrunni og efnahagsreikningur skv. greiðslugrunni
- c) Efnahagsreikningur er skv. greiðslugrunni og sjóðstreymi skv. rekstrargrunni
- d) Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur eru skv. rekstrargrunni

10. (2%) Þegar markaðsgengi félags hækkar þá hækkar einnig eigið fé félagsins.
- a) Rétt
 - b) Rangt
11. (2%) Arðsemi eigin fjár hjá Spaða ehf. var 12% á árinu 2009 og eigið fé var kr. 200.000 í upphafi ársins 2009. Þann 1. júlí 2009 var greiddur út arður að fjárhæð kr. 100.000. Hagnaður félagsins árið 2009 var því kr. :
- a) 24.000
 - b) 833.333
 - c) 1.250.000
 - d) 1.666.667
 - e) Ekkert af ofangreindu
12. (2%) Tilgangur með áritun endurskoðanda á reikningsskil er að :
- a) Tryggja að engar skekkjur séu í ársreikningnum
 - b) Fullvissa lesendur ársreiknings að endurskoðandi beri ábyrgð á honum
 - c) Veita hlutlaust álit á fjárhagsupplýsingum til notkunar í viðskiptalífínu
 - d) Koma upp um svik og misferli í fyrirtækinu
13. (2%) Um skattlagningu arðstekna sem einkahlutafélag fær frá öðru einkahlutafélagi á árinu 2009 gildir :
- a) Arðstekjurnar eru að fullu skattskyldar
 - b) Arðstekjurnar má draga frá tekjuskattsstofni
 - c) Arðstekjurnar má draga frá tekjuskattsstofni ef eldri töp hafa verið jöfnuð
 - d) Arðstekjurnar eru að fullu skattskyldar nema hjá fjárfestingafélögum
14. (2%) Í sjóðstreymi eru seld tæki flokkuð meðal :
- a) Rekstrarhreyfinga
 - b) Fjárfestingahreyfinga
 - c) Fjármögnunarhreyfinga
 - d) Er ekki í sjóðstreymi
 - e) Ekkert af ofangreindu

Verkefni 2 (53 mín. 22%) - Textaspurningar

Leitað er eftir stuttum og hnitmiðuðum svörum. Hafið í huga þau tímamörk sem hverri spurningu eru sett.

a) 4%

Tekjureglan er ein af meginreglum reikningshaldsins. Útskýrið hana og nefnið 2 dæmi um notkun hennar.

b) 3%

Hvaða kostnaður er almennt frádráttarbær frá skatti hjá rekstraraðilum?

c) 3%

Hverjir eru hinir þrír meginkaflar sjóðstreymis og hvernig tengist hver þeirra rekstrar- og efnahagsreikningi?

d) 4%

Útskýrið hugtakið rekstrarhæfi og einnig hvernig það getur haft áhrif á mat eigna í efnahagsreikningi og nefnið 2 atriði sem ógnað geta því.

e) 4%

Endurskoðendur veita álit sitt á reikningsskilum í áritun sinni í ársreikningi. Hver er munurinn á neikvæðu álitum annars vegar og álitum með fyrirvara hins vegar. Hvaða aðrar 2 gerðir af áritunum koma til greina á endurskoðaða ársreikninga?

f) 4%

Hverjar eru helstu takmarkanir ársreikninga. Hér er átt við upplýsingar sem yfirleitt koma ekki fram í ársreikningum, en gætu eigi að síður skipt lesandann miklu máli. Nefnið 6 atriði.

Verkefni 3 (29 mín 12%)

Efnahagsreikningur Goða ehf. lítur út á eftirfarandi hátt í árslok 2009 í milljónum króna:

<i>Eignir</i>		<i>Eigið fé og skuldir</i>	
Fastafjármunir	3.000	Eigið fé	2.000
		Langtímaskuldir	500
Veltufjármunir	<u>1.000</u>	Skammtímaskuldir	<u>1.500</u>
	<u>4.000</u>		<u>4.000</u>

Framkvæmdastjórinn hefur áhyggjur af veltufjárhlutfallinu og biður þig um eftirfarandi:

a) 2%

Hvert er veltufjárhlutfallið?

b) 4%

Nefnið fjórar leiðir til þess að auka veltufjárhlutfallið

c) 3%

Framkvæmdastjórinn vill hafa veltufjárhlutfallið 1,5. Hvað ráðleggur þú honum að gera?

d) 3%

Er Goði ehf rekstrarhæft? Rökstyðjið.

Verkefni 4 (19 mín. 8%)

Örninn hf. er búinn að setja upp áætlun um rekstur sinn næstu 5 árin ásamt því að ársreikningur fyrir 2009 er nýlega tilbúinn. Fyrir dyrum stendur að Örninn hf. hyggst sækja um lán hjá viðskiptabanka sínum til að fjármagna stækkun félagsins. Forráðamenn félagsins vilja fyrir alla muni ekki að bankinn sendi þá tilbaka með áætlun sem virkar ótrúverðug og því biðja þeir þig um að renna yfir áætlunina til að sjá hvort þar séu einhver atriði sem bankinn væri líklegur til að efast um. Nefnið 4 atriði sem ykkur finnst athugasemdir og til þess fallin að bankinn setji út á.

				Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
		2009	2010	2011	2012	2013	2014
Sala		800	760	798	878	1.009	1.211
Kostnaðarverð seldra vara		-450	-470	-480	-490	-550	-650
Álagning		350	290	318	388	459	561
Aðrar rekstrartekjur		40	35	35	35	40	40
Laun og tengd gjöld		-105	-100	-105	-120	-140	-170
Sölu og markaðskostnaður		-70	-65	-70	-71	-72	-73
Stjórnunarkostnaður		-60	-60	-60	-60	-60	-60
Afskriftir		-50	-50	-40	-40	-40	-40
Hagnaður fyrir vexti		105	50	78	132	187	258
Vaxtagjöld nettó		-75	-70	-65	-60	-60	-50
Hagnaður fyrir skatta		30	-20	13	72	127	208
Tekjuskattur		-5	4	-2	-13	-23	-38
Hagnaður ársins		25	-16	11	59	105	171

Verkefni 5 (72 mín. 30%)

Einar Jónsson er kominn af léttasta skeiði og er farinn að hugsa til efri ára og hvernig fjárhagslegum hag sínum er best borgið. Hann á ekki mikla peninga en hefur átt stóran hlut í verslunarfyrirtækinu Costur ehf. um alllangt skeið. Fyrirtækinu hefur vegnað ágætlega í gegnum tíðina. Einar kemur að máli við þig og vill fá ráðleggingar um hvað hann eigi að gera en hugur hans stendur til að draga úr áhættu sinni vegna eignarhaldsins á félaginu og einnig að fá fjármagn til sín til að nota í ellinni. Meðfylgjandi eru upplýsingar úr ársreikningum félagsins síðustu 3 ár ásamt upplýsingum um samkeppnisaðila.

Gengi á hlutabréfum í Costi ehf. í dag er 18. Verkefni þitt er að ráðleggja Einari hvort hann eigi að selja bréfin sín í Costi ehf. eða halda þeim miðað við núverandi og framtíðar aðstæður út frá kennitölugreiningu. (Til að nálgast fullnægjandi svar þarf að reikna a.m.k. 10 kennitölur sem eru viðeigandi við þetta mat). Einar langar einnig að vita hvort fjármagnsskipan hjá félaginu sé skynsamleg og hvort einhverju megi breyta þar.

Rekstrarreikningar áráanna 2007-2009 (í þús.)

	2009	2008	2007
Sala	887.200	845.800	820.900
Kostnaðarverð seldra vara	(629.100)	(604.200)	(594.900)
Rekstrargjöld, önnur en afskriftir	(156.400)	(149.000)	(143.800)
Afskriftir	(10.000)	(9.500)	(9.000)
Vextir	(7.400)	(8.200)	(9.000)
Skattar	(12.600)	(11.200)	(11.600)
Hagnaður ársins	<u>71.700</u>	<u>63.700</u>	<u>52.600</u>

Efnahagsreikningar áráanna 2007-2009 (í þús.)

Eignir	31/12 09	31/12 08	31/12 07	31/12 06
Fastafjármunir:				
Varanlegir rekstrarfjármunir	145.000	130.000	120.000	95.000
Verðbréf	15.000	20.000	12.000	10.000
	<u>160.000</u>	<u>150.000</u>	<u>132.000</u>	<u>105.000</u>
Veltufjármunir:				
Birgðir	40.000	37.000	38.000	40.000
Viðskiptakröfur	58.000	54.500	49.000	46.000
Handbært fé	38.900	23.000	14.500	10.000
	<u>136.900</u>	<u>114.500</u>	<u>101.500</u>	<u>96.000</u>
Eignir samtals	<u>296.900</u>	<u>264.500</u>	<u>233.500</u>	<u>201.000</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:				
Hlutfé	20.000	20.000	20.000	20.000
Óráðstafað eigið fé	198.000	126.300	62.600	10.000
	<u>218.000</u>	<u>146.300</u>	<u>82.600</u>	<u>30.000</u>
Skuldir:				
Langtímaskuldir	49.000	67.700	84.500	87.600
Næsta árs afborganir	(5.500)	(6.900)	(7.800)	(8.000)
	<u>43.500</u>	<u>60.800</u>	<u>76.700</u>	<u>79.600</u>
Ýmsar skammtímaskuldir	29.900	50.500	66.400	83.400
Næsta árs afborganir	5.500	6.900	7.800	8.000
	<u>35.400</u>	<u>57.400</u>	<u>74.200</u>	<u>91.400</u>
Skuldir samtals	78.900	118.200	150.900	171.000
Eigið fé og skuldir samtals	<u>296.900</u>	<u>264.500</u>	<u>233.500</u>	<u>201.000</u>
	0	0	0	0

Úr sjóðstreymi áráanna 2007-2009

	2009	2008	2007
Handbært fé frá rekstri	63.000	56.000	47.000

Kennitölur frá samkeppnisaðilum:					2009
	Meðalálagning.....				39,00%
	Eiginfjárlutfall.....				40,00%
	Veltufjárlutfall.....				1,38
	Lausafjárlutfall.....				1,05
	Veltuhraði birgða.....				15,00
	Innheimtutími krafna.....				20,00
	Hlutfall EBITDA af sölu.....				9,00%
	Arðsemi eigin fjár.....				28,00%
	V/H hlutfall.....				7,0
	V/EBITDA.....				4,5